

## Verkefni 2

Um jólin birtast fjórar stundir á Digraneskirkja.is og Hjallakirkja.is, og á Facebooksíðum kirknanna.

Fyrsta í aðventu, á aðfangadag kl 15. og kl. 18, og á gamlársdag kl. 17.

Horfið á þær á ykkar eigin tíma og fyllið inn í kirkjulykil.

Í bókinni Kveikjur á bls. 157 stendur:

*„Sælir eru friðflytjendur því að þeir munu Guðs börn kallaðir verða“*

Matteusarguðspjall 5:9

### FRIDARJÓL

Úti var stillt og hljótt. Það var snjór yfir öllu og heyra mátti fjarlæga jólatóna.

Hús frænkanna stóð uppi á hæðinni og háar aspir við hliðina gáfu því ævintýrlegan svip.

Þær frænkur höfðu búið saman stærstan hluta ævinnar, sjálfsagt komin ein 50 ár.

Það er langur tími og alltof langur fyrir þær, því þeim kom aldrei saman.

Þær voru öllum stundum að þrátta og ljóst að samskiptamátinn hafði flýtt fyrir hrukkunum.

Ef það var ekki matseldin þá voru það þrifdagarnir og ef það voru ekki sjónvarpsstöðvarnar þá voru það útvarpsstöðvarnar.

Stundum þráttuðu þær um ekki neitt. Þær ræddu aldrei tilfinningar né líðan, þær ræddu aldrei um hagi hvorrar annarrar, hvað þá lífssögu.

Þess vegna þekktust þær ekki neitt, en bjuggu engu að síður undir sama þaki af gömlum vana.

Og nú voru komin jól, þessi friðsæla fjölskylduhátíð.

Þarna stóðu þær í eldhúsinu og nöldruðu yfir matnum, pikkuðu í grænu baunirnar og frussuðu út úr sér hangikjötsbitunum.

Ekkert var nógu gott og meiðandi orð hljómuðu innan um Guðs orðið frá útvarpinu.

Það var þó ljós í myrkri, að hjá þeim var það þögult samkomulag að hafa stillt á aftansönginn í ríkisútvarpinu yfir jólamatnum.

Fáeinir þakkar lágu undir jólatrénu. Þakkastundin byrjaði venjulegast á metingi, hvor þeirra ætti fleiri þakka.

Iðulega voru þeir jafnfáir. En tvisvar verður gamall maður barn. Þakkastundin náði hámarki þegar þær opnuðu gjafir hvor frá annarri.

„Þú veist að ég les ekki ævintýrasögur stjórnmálamanna, þú ættir að þekkja mig betur en það.“

„Heldur þú að ég geti notað svona slæðu, hefur þú nokkurn tímann séð mig bera appelsínugulan lit?“

Þarna sátu þær með beiskan svip og þakkarorð víðs fjarri.

Þær voru að fjarngviðrast yfir aðventuljósinu í stofuglugganum þegar glumdi í dyrabjöllunni.

Þær ruku báðar til dyra, því það hafði aldrei heyrst í dyrabjöllunni áður á kvöldi sem þessu.

Fyrir utan stóð ungur maður og rétti fram umslag. Það hafði borist í vitlaust hús og hann vildi skila því sem fyrst. Frænkurnar litu forvitnum augum á umslagið sem var merkt þeim báðum.

Þær gengu aftur inn í stofu, settust í sófann og tóku til við að þrasa hvor þeirra ætti að opna þessa óvæntu sendingu.

Eftir drjúga nöldurstund tókst þeim að opna umslagið og í ljós kom kort, jólakort augljóslega myndskreytt af barni.

Framan á kortinu var mynd krossi, inni í kortinu var mynd af akkeri of aftan á kortinu var mynd af hjarta.

Það eina sem þær frænkur áttu sameiginlegt var að þær báru báðar hálsfestar með táknum trúar, vonar og kærleika, erfðagripir frá mæðrum þeirra.

Þær urðu báðar undarlega hljóðar. Og þannig leið þetta aðfangadagskvöld í áður ókunnri stillingu og friði.

1. Hvað fannst þér merkilegt við söguna?
2. Hafa jólin áhrif á hegðun þína og athafnir?
3. Getu smáatriði breytt djúpstæðum ágreiningi til hins betra?
4. Hvað er aðventa?
5. Af hverju höldum við upp á jól?
6. Hvað skiptir mestu máli fyrir okkur sjálf um jólin?
7. Hvað heita kertin fjögur sem við kveikjum á, á aðventukranisunum?